

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

409. tbl - 9. árg.

9. júlí 2009

SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

Ólafsvíkuvaka

Um síðustu helgi var haldin Ólafsvíkuvaka í Ólafsvík, þetta er annað árið í röð sem þessi hátíð er haldin og þótti takast afskaplega vel, engar fréttir bárust af slagsmálum eða fíkniefnaneyslu og er það sjálf-sagt ástæðan fyrir því að litlar fréttir bárust af hátíðinni í helstu fjölmiðlum landsins. Meira bar á fréttum frá stærri hátíðum þar sem tókst að fylla fangageymslur.

Ólafsvík var skipt upp í sex hverfi sem hvert hafði sinn lit, ljóst var nokkuð snemma að keppni var komin í bæjarbúa og ekki minkaði það þegar fréttist að verðlauna ætti það hverfi sem þætti best skreytt, dæmi eru um að hús og bílar hafi verið málað í hverfislitunum til að ná forskoti í baráttunni.

Mikið bar á brottfluttum Snæfellsbæingum meðal gesta og þó að oft hafi verið fleiri gestir á bæjarhátíðum þá var áberandi hve andrúmsloftið var aflappað og fólk var ákveðið í að skemmta sér.

Auk hefðbundinna dagskrárliða eins og markaðs, dorgveiðikeppni og hoppukastala var boðið upp á Survivor keppni fyrir unglínga og fjársjóðsleit fyrir yngri börnin. Fiskioðjan Bylgja bauð upp á tónleika undir beru lofti með hljómsveitinni Hjálmmum á föstudagskvöldið og fjöldi fólks skemmti sér við leik og söng Hjálmmanna fram eftir kvöldi, að tónleikunum loknum spilaði Klakabandið á bryggjuballi fram eftir nóttu.

Á laugardeginum var hátíðardagskrá á Þorgrímspalli þar sem boðið var upp á ýmis skemmtiatriði, þar á meðal voru mörg glæsileg söng- og dansatriði, bæði aðkeypt og á vegum heimamanna. Brúðubíllinn kom í heimsókn og ungmenni héldu fimleikasýn-



ingu en fyrir skömmu hófst fimleikakennsla í Snæfellsbæ.

Á laugardagskvöld voru götugrill um allan bæ þar sem íbúar hverfisins komu saman, grilluðu og skemmtu sér saman, brekkusöngur var í Sjómannagarðinum seinna um hvöldið og hægt er að fullyrða að önnur eins stemming hafi aldrei verið í garðinu, þegar hópar úr hverfunum komu í garðinn, klæddir í hverfislitum og syngjandi hvatningarsöngva. Gula hverfið vann keppnina um best skreytta hverfið og er vel að titlinum komið. Klakabandið hélt uppi fjörinu á Þorgrímspalli til kl. 3 um nóttina en þá færðist fjörið aftur inn í hverfin. Hátíðarlok voru svo í Ólafsvíkurkirkju á sunnudegi kl. 14 þar sem haldin var gospelsmessa með þeim félögum Páli Rósenkrans og Óskari Einarssyni.

Skipuleggjendur og framkvæmdaðilar Ólafsvíkuvöku eiga svo sannarlega skilið hrós fyrir þessa hátíð.



Nýtt á sölu



Ólafsvík

Brautarholt 12 neðri hæð er til sölu. Íbúðin er á einni hæð og er 127,5 fm og skiptist í forstofu, gang, eldhús með nýlegri innréttingu, þvottahús, geymsla, fjögur herbergi, stofu og baðherbergi. Á forstofu, þvottahúsi, geymslu og baðherbergi eru flisar á gólfum en á eldhúsi, gangi, stofu og herbergjum er parket. Gengið er út í stóran garð úr þvottahúsi og við húsið er nýlegur tréskólpallur. Gluggar og þak er í góðu lagi og einnig eru raf-lagnir og flestar vatnslagnir eru nýlegar. Íbúðin litur vel út utan sem innan.

Ásett verð kr. 16,5 millj.

Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, lögblitur fasteignasali,
Síðumúll 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Gospelmessa í Ólafsvíkirkirkju



Lokaatriði Ólafsvíkurvöku þetta árið var Gospelmessa í Ólafsvíkirkirkju á sunnudag, Páll Rósenkrans og Óskar Einarsson fluttu tónlist í messunni og höfðu margir messugestir á orði að þeir hafi verið með gæðahúð af hrifningu alla messuna. Í upphafi messu bauð sr. Magnús þá Pál og Óskar velkomna með frumsömdum

texta sem hann söng.

Í vor var Óskar Einarsson með gospel-námskeið í Ólafsvíkirkirkju og það námskeið skilaði sér vel í messunni á sunnudag því að undir lok messunnar þegar Páll óskaði eftir að kirkjugestir taki þátt í söngnum var vel tekið undir með þeim félögum.



Bifreiðaverkstæði Ægis

þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?
Logar viðvörðunarljós í mælaborði?
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

**Prentsmiðjan Steinprent
verður lokuð vegna sumarleyfa
27. júlí - 7. ágúst**

**Bæjarblaðið Jökull kemur út í
næstu viku 16. júlí en svo ekki
fyrr en 13. júlí**



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík steinprent@simnet.is
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Smáauglýsingar

Til leigu

er 120 m² íbúð að Hjarðartúni 12 efri hæð, Ólafsvík. fjögur svefnherbergi. Leiga 80.000 + rafmagn. Laus strax.

Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.

Til leigu

er 99 m² íbúð að Ólafsbraut 64, neðri hæð. Þarfnast viðgerðar sem gæti gengið upp í leigu. Íbúðin er laus núna.

Upplýsingar hjá Kristjáni í síma 8963867.

Al-Anon

Al-Anon fundir í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju á Þriðjudögum kl. 20



HERBALIFE

Breyttur lífstíll.

Drekktu í þig orku, daglega

Næringadrykkir frá Herbalife eru úrvals valkostir.

Fáðu sendann frían prufupakka
Sesselja, sími: 6595819
E-mail: birtad@simnet.is

Bæjarblaðið



SNÆFELLSBÆ

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Bætt heilsa - Breyttur lífstíll

Holl næring, frábær
morgunverður
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frían Prufupakka heim
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarsd
S. 5811104 – 6961104
dora@simnet.is
www.heilsufrettir.is/tedda

Brynjar Gauti í U-18

Brynjar Gauti Guðjónsson leikmaður Víkings hefur verið valinn í landsliðshóp Íslands U18 sem keppa mun á alþjóðlegu móti í Svíþjóð. Mót-

ið fer fram dagana 13. - 19. júlí og þau lönd sem taka þátt í mótinu eru auk Íslands: Svíþjóð, Noregur og Wales.




Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylga@bylgja.is

Fundu rekinn háhyrning

Þeir bræður Matthías Fidel og Kristófer James Eggertsson frá Hellissandi fundu rekinn háhyrning í fjörunni í Keflavík þar sem að þeir voru að leik.

Sögðu þeir bræður að þetta væri háhyrningskálfur sem hefur greinilega legið eitt-hvern tíma í fjörunni og var hann farinn að rotna.



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

HAMBORGARATILBOÐ
fyrir einstaklinga og fjölskyldur

KNATTSPYRNUSKÓLI
ÍSLANDS



Knattspyrnuskóli Íslands og Knattspyrnufélag Rangæinga, KFR ætla að vera með

knattspyrnuskóla á Hvolsvelli

dagana 30. júlí til 3. ágúst (verslunarmannahelgina). Skólinn er ætlaður strákum og stelpum í 5. fl 4.fl 3. fl og 2. fl. (yngsta ár),

Ætlunin er að bjóða sem flestum krökkum upp á góðan skóla og góða skemmtun.

Gjaldið er 16.900- krónur.
Systkinaafsláttur 5000-krónur.

Skráningar og uppl:

Rúnar s.893 4721 runar@hvolsvollur.is
Hrafnhildur s.863 0731 habba@emax.is,
Steini s.699 8352 steinasteinn@simnet.is
og Bjarni Konráðs.695 4504 bjarnist@mr.is

Nánar auglýst á: www.kfrang.is

Lokadagur skráningar er 20 júlí.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Leggja vatnslögn



Hafin er framkvæmd við suðu á vatnslögn fyrir vatnsverksmiðjuna í Rífi, var fyrsta suðan soðin á mánudag. Verktaki verksins er Stafnafell en VK lagnir sjá um suðuvinnuna. Framkvæmdir við

vatnslögnina munu standa yfir í sumar og fram á haust. Lengd vatnslagnar er u.þ.b. 5 km. Virkjuð verða tvö vatnsból á vatnssvæðinu og lagðar lagnir frá þeim báðum niður í Ríf.



SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...

Auglýsing um breytingu á skipulagi Snæfellsbæjar

Í samræmi við 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag Vatnsholt í Staðarsveit, Snæfellsbæ

Um er að ræða deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Vatnsholt í Staðarsveit, Snæfellsbæ. Innan afmörkunar deiliskipulagsins er nýbyggður sumarbústaður og er fyrirhugað að bæta við tækjageymslu / útihúsi á nýjum byggingarreit vestan við sumarbústaðinn. Stærð skipulagsreitsins er 25.000m². Aðkoma að lóðinni er um núverandi húsagötu sem liggur frá Snæfellsnesvegi. Innan byggingarreits A er heimilt að reisa allt að 350 m² sumarbústað þar með talinn bílskúr. Húsið skal vera einnar hæðar og hámarkshæð þess 6,3 metrar yfir aðalgólfi.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa tækjageymslu/ útihús og er hámarksstærð hennar 300 m² og hámarkshæð hennar 5 metrar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, virka daga frá kl. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30 frá og með 09. júlí - 20. ágúst 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 20. ágúst 2009. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - netf. vorur@simnet.is



Vöruafgreiðsla Hédinsgötu 1-3
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð

KNATTSPYRNA 1. deild karla

Ólafsvíkuvöllur

Víkingur Ó - ÍR

Föstudagur 10. júlí
kl. 20

Stöndum við bakið á strákunum

Fjölmennum á völlinn á föstudaginn
og látum heyra í okkur

Áfram Víkingur!

Miðaverð kr. 1.000,-
Frítt fyrir yngri en 16 ára



Fundur um Þjóðlendumál

Héraðsnefnd Snæfellinga heldur fund um þjóðlendumál þriðjudaginn 14. júlí kl. 17:30 í samkomuhúsinu í Grundarfirði.

- Hvenær kemur að Snæfellsnesinu?
- Hvers þarf að gæta?

Óðinn Sigbórsson frá Búnaðarsamtökum Vesturlands fer yfir það sem máli skiptir.

Forsvarsmenn jarða, sveitastjórnarmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta.

Formaður Héraðsnefndar
Örvar Marteinson